

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 19. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0030
LA

Efni: Umsögn vegna aðalskipulagsbreytinga við Selhöfða í Þjórsárdal

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 18. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Breytingin felst í nýju 27,2 ha verslunar- og þjónustusvæði við Selhöfða, VP26, ásamt breytingu á aðkomu og nýjum veg frá þjónustumiðstöðinni að hóteli í Reykholti. Þjónustusvæðið við Reykholt, VP21, í núgildandi skipulagi verður fellt út.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsgögn og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Þjónustumiðstöðvar:

Fram kemur í greinargerð að sveitarfélagið sé hlynnt uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Þjórsárdal sem verður fyrir utan friðlýsta svæðið. Settir eru fram fjórir valkostir; núll kostur, núverandi staða, valkostur A og B. Valkostur B er sá valkostur sem sveitarfélagið telur vænlegastan og felur í sér uppbyggingu á tveimur þjónustumiðstöðum hlið við hlið, þ.e. Sandártunga samkvæmt núgildandi skipulagi og Selhöfði, nýtt verslunar- og þjónustusvæði. Valkostur A snýr að stækkun þjónustumiðstöðvar við Sandártungu.

Náttúrufræðistofnun gerir í raun ekki athugasemdir við staðsetningu þjónustumiðstöðvar við Selhöfða þar sem svæðið er utan friðlýsta svæðisins og um er að ræða skógræktarsvæði. Hins vegar telur stofnunin jákvætt að fyrirhugað þjónustusvæði við Reykholt VP21 verði fellt úr aðalskipulagi þar sem það er innan friðlýsta svæðisins. Ef fyrirhugaðar framkvæmdir ganga eftir verður gistirými fyrir um 500 gesti, auk tjaldsvæðis við Þjórsárdal og árið 2025 gerir sveitarfélagið ráð fyrir um 600.000 ferðamönnum í Þjórsárdal. Ljóst er að aðdráttarafl svæðisins eru náttúru- og menningarminjar í Þjórsárdal og með aukinni þjónustu má reikna með aukinni umferð ferðamanna innan friðlýsta svæðisins og samhliða því verður aukið álag á náttúru- og menningarminjar. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að uppbygging á ferðamannstöðum byggist á þolmarkagreiningu til að hægt sé að meta áhrif fjölda ferðamanna á náttúru- og menningarminjar, ásamt upplifun gesta innan landslagsverndarsvæðisins. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að gerð hafi verið slík greining en hún er forsenda þess að hægt sé að meta þörfina á innviðum og landvörslu, grípa til aðgerða eða stýringa og vernda þannig enn frekar náttúru- og menningarminjar svæðisins. Æskilegt er að þolmarkagreining fari fram sem fyrst, áður en ráðist er í uppbyggingu þjónustumiðstöðva við Þjórsárdal, þannig að staða friðlýsta svæðisins í dag sé vel þekkt og sé til viðmiðunar eftir því sem ásókn ferðamanna inn á svæðið eykst.



Nýr vegur:

Áform eru um að leggja nýjan veg frá þjónustumiðstöðinni í Selhöfða að nýju hóteli í Reykholti. Vegurinn verður lagður innan friðlýsta svæðisins vegna áforma rekstraraðila um að gestir verði fluttir að hótelinu á umhverfsvænum faratækjum. Hins vegar verður núverandi vegur að Reykholti áfram til staðar fyrir almenna umferð. Ekki kemur fram hvort bílastæði verða byggð við hótelið í Reykholti. Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að flytja gesti á umhverfsvænan hátt að hótelinu, en telur að ekki sé þörf á nýjum vegi til þess. Nýr vegur kemur til með að raska náttúruminum og hefur áhrif á landslag friðlýsta svæðisins.

Efnistaka:

Í skipulagslýsingu eru nefndar sex efnistökunámur í tengslum við uppbyggingu þjónustumiðstöðvar. Skilgreindar námur í aðalskipulagi eru ekki í samræmi við námuskrá Vegargerðarinnar (<http://namur.vegagerdin.is/>), þar sem skráðar eru þrjár námur í nágrenni Þjórsárdals og tvær af þeim eru fullfrágengnar.

Fram kemur í skipulagslýsingu að sveitarfélagið gerir sér fulla grein fyrir neikvæðum áhrifum á náttúruferð og á upplifun ferðamanna með aukinni ferðaþjónustu. Innan og í nágrenni Þjórsárdals er mikilvægt að staðið sé vel að allri uppbyggingu sem á einn eða annan hátt getur haft áhrif á verndarsvæðið og áður en hafist er handa er einnig mikilvægt að gerðar séu nauðsynlegar rannsóknir sem snúa að áhrifum ferðaþjónustu innan friðlýsta svæðisins, sérstaklega er varðar álag á náttúru- og menningarminjar. Ný þjónustumiðstöð kemur vonandi til með að þjóna verndarsvæðinu, náttúru- og menningarminjum, á jákvæðan hátt í framtíðinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,



Lovísa Ásbjörnsdóttir, jarðfræðingur
Svið Náttúruverndar

